

Matsreglur fyrir framhaldsnámskeið sjúkraflutninga (AEMT)

1. Forkröfur í framhaldsnámskeið Sjúkraflutningaskólans - EMT-A
 - a. Til að geta hafið nám í EMT-A skal nemandi...
 - i. ...geta sýnt fram á a.m.k. 12 mánaða starfsreynslu af sjúkraflutningum á sl. 5 árum
 - ii. ...standast lágmarksárangur á bóklegu inntökuprófi með lágmarkseinkun 7,5
2. Lágmarksárangur í námslotum og lokafærnimati EMT-A
 - a. Nemandi skal þreyta bóklegt og verklegt mat í lok hvernar lotu.
 - b. Lágmarkseinkun á bóklegu mati skal vera 7,5
 - c. Mat á verklegri frammistöðu skal metin sem staðið eða fallið.
 - i. Kröfur gagnvart verklegri frammistöðu hvernar lotu skulu útlistaðar sérstaklega í upphafi hvernar lotu
3. Ófullnægjandi árangur og endurupptaka
 - a. Nái nemandi ekki lágmarksárangri á bóklegu eða verklegu mati er viðkomandi heimilt að endurupptaka próf/verklegt mat að hámarki tvisvar meðan á lotunámi EMT-A stendur
 - i. Hafi nemandi ekki staðist lágmarkskröfur á bóklegu og/eða verklegu mati tvisvar áður en lotunámi lýkur og ef meðaltalseinkun á bóklegu mati nemanda er 8,75 eða hærri er nemanda heimilt að endurtaka þá lotu sem viðkomandi var í þegar enduruppkvóti var fylltur.
 - ii. Hafi nemandi ekki staðist lágmarkskröfur á bóklegu og/eða verklegu mati tvisvar áður en lotunámi lýkur og ef meðaltalseinkun á bóklegu mati nemanda er undir 8,75 þarf nemandi að byrja námskeiðið aftur á fyrstu lotu.
 - iii. Ef 3 i. virkjast er litið svo á að endurupptökuvóti sé fullnýtur og þarf nemandi þá að byrja námskeiðið aftur á fyrstu lotu.
 - b. Nemandi telst ekki hafa lokið viðkomandi lotu fyrr en Sjúkraflutningaskólinn hefur staðfest viðunnandi frágang á starfsþjálfunarskrám í samræmi reglur skólans.
 - c. Standist nemandi ekki fullnægjandi árangur í fyrstu tilraun á lokafærnimati er viðkomandi heimilt að taka eina endurtökutilraun.
 - i. Endurupptökutilraun í lokafærnimati telst ekki til endurupptökutilrauna í lotuhluta EMT-A
 - d. Einungis þeir sem hafa ekki staðist lágmarksárangur skv. ofangreindu og þeir sem geta sýnt fram á fjarvistir úr bóklegu/verklegu mati með vottorði eða örðum tilhlýðilegu skýringum eiga rétt á endurupptöku.
 - e. Endurupptaka skal fara fram í sambærilegri lotu síðar eða eftir samkomulagi við skólastjóra hverju sinni.
4. Bóklegt og verklegt mat, einkunnagjöf og námundanir
 - a. Verklegt mat
 - i. Verklegt mat á hverri lotu og lokafærnimat skal metið sem staðið eða fallið. Leiðbeinendur skulu geta rökstutt fallatriði fyrir nemendum hverju sinni
 - b. Bóklegt mat

- i. Allar bóklegar einkannir skulu námundaðar að næstu hálfu tölu. Einkannir eru þannig gefnar í heilum og hálfum tölum.
 - ii. Vægi samsettra bóklegra einkanna skal útlistað þar sem það á við
 - c. Tímalengd bóklegra prófa skal vera sem nemur 2 mín/spurning á hefðbundnum fjölvalsspurningaprófum (krossaprófum)
 - d. Orðalag á prófum skal vera skýrt og einfalt
 - i. Nemendum með lestrarörðugleika skulu standa til boða úrræði um lengri próftíma og aðstoð við skilning á efni prófspurninga
- 5. Brottvísunarákvæði
 - a. Teljist nemandi brotlegur gagnvart eftirfarandi getur viðkomandi átt á hættu að vera vísað af námskeiðinu:
 - i. Brot trúnaðar- og þagnarskylduákvæðum sem nemandi undigengst á starfsþjálfunarvöktum
 - ii. Óviðeigandi og/eða endurtekin og hegðun gagnvart samnemendum, leiðbeinendum, skjólstæðingum og öðrum þeim sem nemandi kann að eiga að afskipti af meðan á námskeiðinu stendur
 - iii. Dómur eða viðurlög í opinberu máli sem þykja þess eðlis að brottvísun sé réttlæt看leg
 - iv. Ölvunar- og/eða fíkníastand meðan á verklegri kennslu og starfsþjálfun stendur.
 - v. Ástundun
 - 1. Hafi nemandi ekki lokið námskeiðinu með fullnægjandi hætti án sérstakra skýringa innan 36 mánaða frá upphafi fyrstu lotu telst viðkomandi hafa fyrirgert rétti sínum til áframhaldandi náms
- 6. Ábyrgð umsjónarmanna
 - a. Umsjónarmenn lota bera ábyrgð á utanumhaldi prófa og gæðaeftirliti með prófspurningum og endurbótum á orðalagi og innihaldi sé þess þörf.
 - b. Umsjónarmenn lota bera ábyrgð á réttri framkvæmd prófa og skilum á prófaniðurstöðum til skrifstofu Sjúkraflutningaskólans

Gildistaka

Matsreglur þessar eru ótímabundnar en skulu bornar undir fagrað í upphafi hvers skólaárs til samþykktar.

Matsreglur þessar öðlast þegar gildi.

Þannig samþykkt af fagnefnd Sjúkraflutningaskólans 24.September 2022.